

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Lagt er til að skólamáltíðir verði með öllu gjaldfrjálsar í grunnskólum Reykjavíkur.

Greinargerð:

Jafnaðargjald á mánuði vegna máltíða fyrir barn í grunnskóla er 11.195 kr. Börn eru rukkuð fyrir næringu sem er forsenda þess að þau þroskist og dafni. Með því að fella út gjald fyrir mat er borgin að tryggja jöfnuð og taka út stéttaskiptingu í skólakerfinu. Innan skóla Reykjavíkur á slíkt ekki að vera við lýði.